

Kæra Lista- og menningarráð,

Við Sigurður Atli og Olga Lilja hjá Y gallery viljum svara ákvörðun Lista- og menningarráðs um að veita sýningarrýminu ekki styrk fyrir árið 2025, en við teljum að baki ákvörðuninni liggi misskilningur á starfsemi og rekstri sýningarrýmisins.

Frá stofnun Y gallery í Hamraborg 2021 var hugmyndin að bjóða myndlistarmönnum upp á óhefðbundinn og áhugaverðan sýningarstað sem legði áherslu á þrívíða list, innsetningar og gjörninga, fremur en listhluti. Það hefur verið okkar tilfinning að undanfarinn áratug hafi þróunin í íslenskri listasenu verið í þá átt að lítil sýningarrými hafa orðið söludrífari með auknum áhuga almennings á myndlist. Þá hafa grasrótarsýningarrými í auknum mæli skilgreint sig sem sölugallerí, með áherslu á að sýna tvívíða list sem er langtum söluvænni en aðrir miðlar. Til samanburðar er markaðurinn fyrir málverk, teikningar, prent og ljósmyndir (tvívíðir miðlar) vel yfir 90% af allri sölu á heimsvísu, en restin eru NFT, skúlptúrar, innsetningar, videoverk, gjörningar, öll þrívíð, tímatengd og rýmistengd list. Sýningarrými Olís bensínstöðvarinnar í Hamraborg er fullkomið fyrir að sýna slík verk, með einungis einum vegg og gluggum allt um kring. Það gefur því auga leið að sýningarstarfsemi Y gallery í Hamraborg er ekki hagnarðardríf, heldur til þess fallin að veita myndlistarmönnum tækifæri á að vinna sýningar í áhugavert rými og bjóða almenningi að upplifa framsækna list í sínu nærumhverfi.

Máli okkar til stuðnings viljum við leggja fram kostnað og tekjur Y gallery við sýningahald í Hamraborg 12 árið 2024. Sjö sýningar eru haldnar á árinu sem allar tóku yfir allt rými bensínstöðvarinnar, bæði fram og bakrými. Sýning Bjarna Þórs var video innsetning sem opnaði á Vetrarhátíð. Sýning Þórs Vigfússonar var unnin í samstarfi við Gerðarsafn þar sem hann opnaði einkasýningar á báðum stöðum samtímis. Sýningin Further Reading var unnin í samstarfi við Reykjavík Art Book Fair sem haldið var á Listasafni Reykjavíkur en þar voru sýnd verk eftir alþjóðlega þekktu myndlistarmenn, kanadíska listamanninn Michah Lexier og taívönsku listamennnina Son Ni og Chihoi hjá Nos Books. Helgi Hjaltalín opnaði stóra innsetningu sem tók yfir allt rýmið þar sem hann byggði vegg og svið í galleríinu og þakti með yfir 300 grafíkprentum. Hildur Elísa opnaði sýningu á videoverkum og innsetningu á Hamraborg Festival, þar sem hún sýndi gjörning sem leiddi áhorfendur frá Y gallery yfir í Gerðarsafn sem hóf gjörningadagskrá hátíðarinnar. Þá sýndum við einnig ljósaverk eftir ungan danskan listamann sem við fengum send frá Kaupamannahöfn. Nú stendur yfir sýning á verkum Katrínar Agnesar sem hún vann sem samstarf milli Listaháskólans í Munchen þar sem hún gegnir stöðu aðstoðarprófessors og efnafræðideildar Háskólans í Munchen, en hún vann rannsóknarverkefni sem var til þess fallið að framkalla litaðan reyk úr litadufti. Opnanir sýninganna voru allar vel sóttar en síðan var rýmið opið almenningi á laugardögum. Fjöldi fólks sér sýningarnar að utan, bæði gangandi vegfarendur sem og viðskiptavinir Olís.

Við höfum verið mjög ánægð með stuðning Kópavogsbæjar við galleríð og höldum áfram góðu samstarfi við Olís. Fyrir á þessu ári fengum við staðfestingu á að dæurnar fái að vera áfram og því veittu Olís okkur leyfi til að halda starfsemi sýningarrýmisins áfram. Því fórum við í miklar framkvæmdir á rýminu, endurbætur á sýningaveggjum, keyptum ný ljós og settum upp skrifstofuaðstöðu í bakrými gallerísins. Þessar endurbætur auka gæði sýningaraðstöðunnar til muna, enda höfum við aldrei sett jafn mikinn metnað í að móta sýningardagskrá ársins eins og fyrir næsta ár þar sem við komum til með að vera í samstarfi við heimspekkta listamenn, liststofnanir og gallerí erlendis.

Eins og kom fram í umsókn okkar fyrir næsta ár, þá sækjum við um styrk til að halda sjö sýningar, þrír listamannana eru erlendir og nokkrir eru Íslendingar sem hafa lengi búið erlendis. Við verðum í samstarfi við International Library of Fashion Research, Gerðarsafn, Hamraborg Festival, Hönnunarmars, Reykjavík Art Book Fair og Galleri Susanne Ottesen fyrir þessa sýningaviðburði. Þá komum við til með að halda gjörningasýningu sem teygir sig yfir tvær vikur í mars þar sem við fáum fjölda innlendra og erlendra listamanna til að taka þátt. Ásta Fanney Sigurðardóttir verður sýningastjóri yfir þessum viðburði en hún er t.a.m. að stjórna gjörningadagskrá í Casino Luxembourg sem opnar núna í þessari viku þar sem heimspekkir gjörningalistamenn s.s. Esben Weile Kjær og Mun Sing taka þátt. Ætlunin með sýningunni í Y er að skapa rými í þessar tvær vikur fyrir gjörninga að eiga sér stað og skilja eitthvað eftir sig í rýminu, sem halda áfram að móta sýninguna á tilraunakenndan hátt.

Við leggjum hér fram kostnað og tekjur ársins 2024 fyrir sýningarrýmið í Hamraborg 12. Heildar rekstrarkostnaður hvers árs miðað við að haldnar séu sjö sýningar er 3.051.080 kr. Framkvæmdirnar sem við fórum í á þessu ári voru upp á 1.876.000 kr. Heildarkostnaður okkar við sýningarrýmið árið 2024 var því 4.927.080 kr. Við hlutum styrk frá Kópavogsbæ upp á 1.500.000 kr, og því var tap okkar á rekstri sýningarrýmisins 3.427.080 kr. árið 2024. Á öllum sjö sýningunum sem haldnar voru á sýningarárinu seldum við ekki eitt verk og því var hagnaðurinn af sýningahaldinu 0 kr. Tekjur fyrirtækisins eru til komnar úr öðrum verkefnum okkar, s.s. Auglýsingahlé Billboard, listráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga, innrömmun, upphengi og sölu annara verka en þeirra sem sýnd eru í sýningarrýminu í Hamraborg. Þessi störf okkar hafa ekkert með rekstur sýningarrýmisins í Hamraborg að gera. Við viljum einnig taka fram að við höfum aldrei greitt okkur laun í þau hátt í fjögur ár sem við höfum sinnt sýningahaldi á þeim 30 sýningum sem haldnar hafa verið í galleríinu. Meðfylgjandi er yfirlit yfir kostnað ársins 2024 við sýningarrýmið í Hamraborg.

Við vonumst til þess að Lista- og menningarráð Kópavogs muni endurskoða ákvörðun sína í ljósi þessara upplýsinga svo að þetta góða samstarf okkar geti haldið áfram.

| Kostnaðarliðir í tengslum við sýningar | Upphæð        |
|----------------------------------------|---------------|
| Ljósmyndun                             | 30.000 kr.    |
| Kynningarbæklingur                     | 16.200 kr.    |
| Styrkur til listamanna                 | 50.000 kr.    |
| Uppsetning á límfilmu                  | 33.000 kr.    |
| Yfirseta                               | 156.240 kr.   |
| Grafísk hönnun                         | 33.000 kr.    |
| Fjöldi sýninga                         | 7             |
| <b>Samtals</b>                         | 2.229.080 kr. |

| Annar kostnaður           | Upphæð      |
|---------------------------|-------------|
| Bókhald                   | 150.000 kr. |
| Internet                  | 48.000 kr.  |
| Gluggaþrif                | 72.000 kr.  |
| Artlogic heimasíðuáskrift | 360.000 kr. |
| Lén og póstfang           | 24.000 kr.  |
| Áskrift af bókhaldskerfi  | 168.000 kr. |
| <b>Samtals</b>            | 822.000 kr. |

|                                        |               |
|----------------------------------------|---------------|
| <b>Heildar rekstrarkostnaður á ári</b> | 3.051.080 kr. |
|----------------------------------------|---------------|

| Framkvæmdir     | Upphæð        |
|-----------------|---------------|
| Smíðavinna      | 996.000 kr.   |
| Málningarvinna  | 544.000 kr.   |
| Raflagnavinna   | 150.000 kr.   |
| Efni            | 96.000 kr.    |
| Spegill         | 25.000 kr.    |
| Raflagnabúnaður | 65.000 kr.    |
| <b>Samtals</b>  | 1.876.000 kr. |